

50. stjórnarfundar Austurbrúar haldinn þriðjudaginn 3. júní kl. 12:30

Fundargerð

Fundurinn er haldinn í síma

Mættir stjórnarmenn: Gauti Jóhannesson (GJ), Gunnar Jónsson (GJ), Karl Lauritzson (KL), Sigrún Birna Björnsdóttir (SBB), Sveinn Jónsson (SJ), Sæunn Stefánsdóttir (SS).

Mættir starfsmenn: Jóna Árný Þórðardóttir (JÁÞ) sem ritaði fundargerð og Signý Ormarsdóttir (SO) og Björg Björnsdóttir (BB).

Dagskrá:

1. Samþykkt síðustu fundargerðar
2. Húsnæðismál á Vonarlandi
3. Staðfesting til RSK vegna breytinga
4. Önnur mál

Gunnar Jónsson setti fundinn og bauð alla velkomna.

1) Samþykkt síðustu fundargerðar

Fundargerð samþykkt.

2) Húsnæðismál á Vonarlandi

Stjórn samþykkir leigusamning eins og hann liggur fyrir fundinum með þeirri breytingu að í 5. gr. komi fram:

„Samningurinn er bundinn til 3 ára, en uppsagnarfrestur eftir það eru 12 mánuðir miðað við mánaðarmót fyrir báða aðila.“

3) Staðfesting til RSK vegna breytinga

Stjórn Austurbrúar staðfestir þær ákvarðanir sem teknar voru á framhaldsársfundi Austurbrúar þann 30. september 2014 í samræmi við beiðni RSK þess efnis.

4) Önnur mál

- a) Ákveðið er að nýta tækifærið þegar stjórnarmennirnir Sæunn og Sveinn verða næst í landshlutanum eftir miðjan júlí að taka „snertifund“.
- b) Yfirferð verðtilboða í bókhald. JÁÐ sendir minnisblað til upplýsinga á stjórn um fyrirkomulag og verklag í kringum bókhald eftir yfirferð verðtilboða.

Fleira ekki tekið fyrir.
Fundi slitið kl. 13:05

Gauti Jóhannesson

Sæunn Stefánsdóttir

Sveinn Jónsson

Karl Lauritzson

Sigrún Birna Björnsdóttir

Gauti Jóhannesson